

# Sauðskinn, saffían & shirtingur

Sýning í tilefni aldarafmælis bókbandsstofu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns  
16. október – 31. desember 2008





LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS  
HÁSKÓLABÓKASAFN

### Sauðskinn, saffian og shirtingur

Sýning í tilefni aldarafmælis bókbandsstofu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

Verkefnisstjórn: Rannver H. Hannesson, Sonja B. Jónsdóttir, Örn Hrafnkelsson

Að sýningunni unnu auk þeirra: Elínborg Hreinsdóttir, Hjörleifur Á. Hjörtpórsson, Hrefna Ársælsdóttir, Jökull Sævarsson, Stefán Jón Sigurðsson

Sýningarstjóri og ritstjóri sýningarskrár: Sonja B. Jónsdóttir

Ljósmyndir teknar í Þjóðarbókhöðu: Helgi Bragason

Eldri ljósmyndir: í eigu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Ljósmyndasafns Reykjavíkur

Prófaralestur: Eiríkur Þormóðsson

Hönnun sýningar og sýningarskrár: Sigríður Bragadóttir og Ingvar Víkingsson

Prentun sýningar: Sýningakerfi ehf

Prentun sýningarskrár: Prentmet ehf

© Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

ISBN 978-9979-800-98-9



## Á aldarafmæli bókbandsstofu

Bókbandsstofa Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns hefur nú starfað í hundrað ár. Hún var sett á stofn á 90 ára afmæli Landsbókasafns Íslands árið 1908 en sama ár var safnið flutt úr Alþingishúsinu í Safnahúsið við Hverfisgötu í Reykjavík.

Í tilefni af 100 ára afmælinu er sett upp sýning í Þjóðar-bókhöðunni. Á henni má sjá hvernig bókbænd hefur þróast í safninu og hvernig það endurspeglar kunnáttu og efnisnotkun á hverjum tíma. Greina má nokkur tímabil í bókbandinu og sýnd eru dæmi um hvernig þeir starfsmenn sem störfuðu í bókbandsstofunni settu mark sitt á safnkostinn með bandi, viðgerðum, umbúnaði og frágangi. Jafnframt eru sýnd ýmis tæki sem tengjast bókbandi og viðgerðum s.s. forláta, handsnúin bókaryksuga frá upphafi síðustu aldar og stór bókapressa frá árdögum bókbandsstofunnar. Meðal annarra merkilegra muna á sýningunni eru tvö handrituð bókbandskver frá 19. öld.

Í tengslum við sýninguna verður boðið til fjögurra hádegisfyrirlestra. Þar verður m.a. fjallað um bókbænd, varðveislu handrita, viðgerðir og sögu bókbandsstofunnar auk þess sem gestum verður boðið í heimsókn í húsakynni forvörslu og bókbands.

*Sigríður Guðmundsdóttir*  
landsbókavörður



## Bókbandsstofa 100 ára – 1908-2008

Engar verklegar lýsingar á bókbandi eða meðferð hráefnis til bókbands er að finna í íslenskum miðaldahandritum og því byggist innlend bókbandsþekking að mestu leyti á erlendum heimildum og á ályktunum af rannsóknum síðari tíma manna.

Fátt hefur varðveist af bókbandi frá upphafi bókagerðar hérlandis. Ástæður fyrir því eru fjölmargar. Efni til bókagerðar eru mestmegnis lífræn. Skinn, pappír, kappar og saumþræðir standast illa tímans tönn, einkum þegar bækur hafa farið um hendur margra kynslóða, oft í slæmum húsakynnum. Gömlu bókbandi var líka oft sýndur litill áhugi og það ekki hátt metið. Skýringuna má rekja til frumhlutverks þess, en það er að hlífa bók og innihaldi hennar við hvers kyns hnjaski. Verst var þó skeytingarleysi bókasafnara og fræðimanna á 18. og 19. öld. Þeir höfðu minni tilfinningu fyrir umbúðum hinna gömlu bóka en innihaldi þeirra. Voru bækurnar oftast en ekki sviptar sínu gamla bandi og þær færðar í nútímalegra horf. Við endurband gamalla bóka er algengt að gengið hafi verið nærri bókunum og þær skornar þannig að þær hentuðu hinu nýja bandi. Óhófleg notkun líms við viðgerðir og bókband hefur valdið því að ekki er hægt að opna sumar bækur eðlilega, pappír þeirra verður stökkur og texti víða ólæsilegur. Ekki skal þó rýrð kastað á verk þeirra manna sem stóðu að endurbandi gamalla bóka enda hugmyndin þar að baki góðra gjalda verð.

Á bókum sem prentaðar voru í Hrappsey á tímabilinu 1773-94 finnast fyrstu dæmin um velskt band en það var upprunnið á Ítalíu sem ódýrt forlagsband. Undir lok 18. aldar var byrjað að gylla bækur í Leirárgarðaprentsmiðju (1795-1815) og á þriðja áratugi 19. aldar tóku tréspjöldin að vikja fyrir pappaspjöldum. Um miðja 19. öld var farið að nota alband úr lérefsti til bókbands en sauðskinn var þó enn mest notað á bækur. Saffian, sem er geitaskinn, var þó nokkuð notað um 1850 og fram yfir 1880. Við af því tók Chagrin,



sem einnig er geitaskinn, og varð það aðalþókbandsleðrið eftir 1930.

Á síðari hluta 17. aldar og í upphafi þeirrar 18. tóku menn að skrifa upp skjöl og bréf frá miðöldum til að forða innihaldi þeirra frá glötun. Líkt var eftir lýstum upphafsstöfum og teikningar gerðar af innsiglium, sumar teikninganna voru jafnvel útfærðar í þrykk. Þetta má að sönnu telja undanfara eiginlegrar forvörslu. Í kjölfar fornaldardýrkunar rómantísku stefnunnar varð undir lok 19. aldar um eins konar vitundarvakningu í Evrópu að ræða hvað varðar meðferð og varðveislu fornra handrita og skjala. Skjulasöfn voru opnuð almenningi sem fór að nýta sér aukið aðgengi í æ ríkara mæli.

### **19. öldin – Páll stúdent Pálsson**

Á fyrstu árum Landsbókasafns (stofnað 1818) var miklum erfiðleikum bundið að fá bækur bundnar inn fyrir safnið en ástand prentaðra rita og handrita, sem bárust til safnsins á þessum tíma, var mjög misjafnt. Margar bækur komu svo fúnar að þeirra beið ekki annað en að grotna niður. Páll Eggert Ólason (1883-1949) sagði um þetta tímabil:

Bókbandsiðn stóð þá á mjög lágu stigi hér á landi, bókbindarar, sem heita áttu, fullkomnir klaufar, enda kvartar Hoppe [Pétur F.] stiftsamtaður mjög undan þessu (1828). Þar við bættist, að bókbandsefni var dýrt og erfitt að fá það. Framan af lét bókmenntafélagið binda á sinn kostnað meginhluta bóka þeirra, sem safnað var til safnsins utanlands, en Hoppe stiftamtmaður lét senda til Kaupmannahafnar dýrmæt rit óinnbundin til bands þar.

Þegar leið á 19. öld þurfti safnið oft að leita bókbindara og annarra hagleiksmanna ef binda þurfti bók eða gera slitnu skjali eða handriti til góða. Einn þessara hagleiksmanna var Páll stúdent Pálsson





sem hóf störf í safninu um miðbik aldarinnar. Hann vann til fjölda ára í handritasafninu og guðfræðideildinni og batt inn handrit og bækur, skrifaði inn í og bjó til skrár framan við handritin. Hann batt líka inn og lagfærði nokkrar prentaðar bækur safnsins aðrar en guðsorðabækur. Sá galli er á bókbandi Páls að hann átti ekki gegnsæjan pappír til að líma á sködduð blöð, heldur skrifpappír, svo að ekki er hægt að lesa það sem undir er nema með því að leysa skrifpappírinn frá blöðunum, bæði á prentuðum bókum og handritum, og er það oft mikið vandaverk. Ýmsar sögur ganga af því að Páll hafi unnið endurgjaldslaust en það er ekki alveg rétt. Hann fékk að síðustu nokkra þóknun þótt ekki þætti það mikið nú á tímum. Sunnanfari (1894) sagði um starf hans: „Landsbókasafnið ber menjar Páls svo leingi, sem það stendur, og hans hendur hafa unnið öllum þeim, sem þurfa að nota það, ómetanlegt hagræði og er ekki meir en skyldugt að minnst þess.“

Undir lok 19. aldar fóru menn í Evrópu að vakna til vitundar um vandamál þau sem stöðjuðu að ört stækkandi bóka- og skjalasöfnum. Árið 1898 var boðað til fyrstu alþjóðlegu ráðstefnunnar um þetta efni og var hún haldin í St. Gallen í Sviss fyrir tilstilli forstöðumanns bókasafns Vatikansins (Dr. P. Franz Ehrle). Forstöðumönnum helstu bóka- og skjalasafna Evrópu var boðin þátttaka, alls sátu þingið 18 bóka- og skjalaverðir frá átta þjóðlöndum. Þrátt fyrir að aðeins væri um tveggja daga ráðstefnu að ræða er gjarnan vitnað til þessa viðburðar sem upphafs opinna umræðu um varðveislumál og hefur ráðstefnan haft víðtæk áhrif sem slík. Eftir ráðstefnuna stóð hugur manna helst til undrafnis sem uppfyllti svo að segja allar þær kröfur sem gerðar voru til forvörslu og viðgerða á skjölum og bókum. Hér var um að ræða efnið „Zapon“ sem upphaflega var hugsað til húðunar á málmhluti til að verja þá tæringu (syntetískt lakk 1886) en átti nú að nota til að dauðhreinsa og styrkja skjöl, bókasíður og innsigli.

## Bókbandsstofa í Safnahúsinu

Í upphafi 20. aldar hafði allri bókbandsvinnu farið mjög fram í Reykjavík og naut Landsbókasafnið þess að nú var ekki lengur erfitt að fá bundnar inn prentaðar bækur. Handrit safnsins batt lengstum inn sami maður, Jón Thorsteinsson bókbindari í Grímsstaðaholti.

V.A. Secher, ríkisskjalavörður Danmerkur, sendi bréf til Stjórnarráðsins 28. desember 1904 og bauð að skemmd skjöl og handrit frá Landsskjalasafninu og Landsbókasafninu yrðu send til Danmerkur og bundin inn í bókbandsstofu Ríkisskjalasafnsins því að þar væri notuð aðferð er væri fullkomnari en bókbindarar fylgdu almennt. V.A. Secher var brautryðjandi í varðveislu bóka og skjala og átti stærstan þátt í því að fyrsta bókbands- og viðgerðarverkstæðið var stofnað í Danmörku 1893 (Landsarkivet, Jagtvej). Þess má einnig geta að Konungsbókhlaða í Kaupmannahöfn hóf að starfrækja eigin bókbandsstofu árið 1906.

Í öðru bréfi til Stjórnarráðsins, dagsettu 9. apríl 1907, um upphaf bókbandsstofu/viðgerðarstofu segja Pálmi Pálsson aðjúnkt og Jón Þorkelsson landsskjalavörður:

... hafa bæði Landsbókasafnið og Landsskjalasafnið gert ráðstafanir til þess, að söfnum þessum verði í hinni nýju safnabyggingu ætluð sameiginleg bókbandsverkstofa og við söfnin ráðinn fastur bókbindari, er fullnuma væri bæði í iðn sinni og þar að auki í því að gera við og binda inn gömul og skemmd skjöl, handrit og bækur safnanna á þann hátt, er nú er talinn bestur og öruggastur til frambúðar varðveislu.

Nú kom V.A. Secher aftur við sögu því fyrir tilstuðlan hans var Runólfur Guðjónsson bókbindari kostaður af ofangreindum stofnunum á námskeið við Ríkisskjalasafnið í Danmörku til að læra þar nýjustu og fullkomnustu aðferðir við meðferð og band skemmdra skjala og handrita. Runólfur fór utan sumarið 1907 og

dvaldi í þrjá mánuði við Ríkisskjalasafnið til að nema nýjungar í viðgerðum bóka og handrita auk frekari þjálfunar í gyllingu bóka. Til að gefa vísbendingu um hvert námsefni Runólfs var er hér birt brot úr bréfi V.A. Sechers til Ólafs Halldórssonar konferensráðs, dagsettu 10. janúar 1905 (Þjóðskjalasafn Íslands. Stjórnarráð Íslands I. Db.2, nr, 315 Landsskjalasafnið):

1. at behandle af Vand medtagne Arkivalier med det saakaldte "Zapon", hvorved det bløde og skøre Papir gennemtrænges med Cellulose og atter bliver stift og stærkt,
2. at reparere beskadigede Papirer med japansk Silkepapir,
3. at indbinde reparerede Protokoller paa de Maader og i den Indbinding, som man her anser for den hensigtsmæssigste og billigste,
4. at indbinde eller pakke (Doubletter af) Provinsaviser paa de i Arkivet brugelige Maader, der ere stærkere og bedre end de af vore Biblioteker anvendte.

Landsbókasafn Íslands flutti starfsemi sína af háalofiti Alþingishússins við Austurvöll í Safnahúsið við Hverfisgötu haustið 1908. Mikil hagræðing var að því að bókbandsstofu var komið fyrir í Safnahúsinu. Allmiklu fé var varið úr landssjóði til bókbandsstækja, ráðinn var fastur bókbindari og heimilað að kaupa aðstoð handa honum eftir þörfum.

Að námi loknu hóf Runólfur Guðjónsson störf við Landsbókasafnið og var fyrsti forstöðumaður bókbandsstofu þess. Hann tók við starfinu 11. nóvember 1908 og vann að jafnaði níu mánuði á ári fyrir Landsbókasafnið og þrjá mánuði fyrir Landsskjalasafnið (síðar Þjóðskjalasafnið). Runólfur veitti bókbandsstofunni forstöðu til æviloka, 1942. Eftir það tók við forstöðu stofunnar sonur hans, Guðjón, en hann hóf nám hjá föður sínum og starfaði lengi við hlið hans. Guðjón hafði tvívegis verið í Kaupmannahöfn og fullnumað sig í bókbandi og öðru er að því

laut, einkum gyllingu bóka. Starfaði hann sem forstöðumaður bókbandsstofunnar til 1973, þegar hann lauk starfsævi sinni.

Líklegt má telja að Guðjón hafi að mestu leyti fylgt vinnuaðferðum föður síns og því hafi breytingar á bókbandi verið óverulegar frá því starfsemi bókbandsstofunnar hófst þar til Guðjón lét af störfum eða um ríflega 65 ára skeið.

Tryggvi Sveinbjörnsson veitti bókbandsstofunni forstöðu frá 1973 til dauðadags 1992 en við starfi hans tók Ragnar G. Einarsson sem gegndi störfum forstöðumanns þar til Landsbókasafnið flutti í Þjóðarbókhöð.

## **Framfarir í varðveislumálum**

Þegar Landsbókasafnið hafði rekið bókbandsstofu í meira en hálfu öld var farið að skorta kunnáttufólk í viðgerðum handrita og skjala með aðferðum sem þá voru við lýði á bóka- og skjalasöfnum erlendis.

Á árunum kringum 1960 var mikil umræða í Þjóðfélaginu um afhendingu íslenskra handrita frá Kaupmannahöfn. Þeir Danir sem voru mótfallnir afhendingu handritanna bentu jafnan á, máli sínu til stuðnings, að hér væru hvorki til sérfræðingar í handritaviðgerðum né áhöld og aðstaða til viðgerða. Að tilhlutan Kvenstúdentafélags Íslands var Vigdís Björnsdóttur handavinnukennara veittur styrkur til náms í handritaviðgerðum og komst hún í nám á bókbandsstofu Roger Powells, eins kunnasta bókbindara á Englandi, en sérskólar í forvörslu og viðgerðum voru lítt þekktir á þessum árum. Hlaut Vigdís ágæta undirstöðu í viðgerðum svo og efnis- og efnafræði og fylgdist með verkefnum á viðgerðarstofum, í bókbandi og rannsóknum.

Vigdís Björnsdóttir var ráðin til að annast viðgerðir handrita og skjala Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns í apríl 1964. Átti hún eftir að setja mark sitt á varðveislusögu Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns þar til hún lét af störfum árið 1979. Innréttuð var

viðgerðarstofa á fyrstu hæð Safnahússins og gerði Vigdís drög að innréttingum og tækjabúnaði stofunnar. Tækjabúnaður var ýmist fenginn erlendis frá eða sérsmiðaður hér heima en viðgerðarefni var mestmegnis fengið frá Englandi: handunninn pappír, linsupappír, efni til styrkingar og afsýringar og fleira.

Í tengslum við ráðningu Vigdísar komu hingað til lands, á vegum British Council og menntamálaráðuneytisins, bókbindarinn Roger Powell og efnafræðingurinn A.D. Baynes-Cope frá British Museum. Dvöldust þeir í Reykjavík í um tvær vikur og kynntu sér aðstæður til varðveislu og viðgerðar handrita, skjala, bóka og þjóðminja í Landsbókasafni, Þjóðskjalasafni og Þjóðminjasafni. Skiluðu þeir síðar á árinu ýtarlegri skýrslu og tillögum til úrbóta.

Vigdís sýndi starfi sínu ódrepani áhuga. Hún fræddi samstarfsfólk, skjala- og bókaverði um nauðsyn þess að ganga vel um bækur og skjöl og lagði áherslu á val efna til viðgerða og umbúnaðar með langtímaendingu í huga. Hún benti á mikilvægi þess að geymslur væru góðar og að skjöl og bækur væru geymd við rétt hita- og rakastig. Vigdís sótti námskeið og ráðstefnur erlendis til að fylgjast með nýjungum í sinni grein og gætti þess að einangrast ekki um of hér heima.

## **Flutningur í Þjóðarbókhöllu**

Þegar Landsbókasafn sameinaðist Háskólabókasafni í desemberbyrjun 1994 í Þjóðarbókhöllu urðu töluverðar breytingar á starfsemi bókbandsstofunnar. Ljóst var orðið að endurskipulagningar væri þörf til að mæta auknum kröfum um skjótt aðgengi að gögnum jafnóðum og þau bárust stofnuninni. Hinu nýja safni barst meira efni en eldri söfnunum, bæði vegna skylduskila og aukinna innkaupa, og hafði safnast upp efni sem beið bókbands og annars frágangs. Áður hafði verið lagt mikið upp úr hefðarbandi og sundurleitu bandi af ýmsu tagi. Nú var þörfin brýnni á einföldu, traustu nytjabandi þar sem unnt væri að koma



við sem mestri framleiðni og einföldum frágangi af ýmsu tagi svo og öskju- og kassagerð. Bætt var við talsverðu af tækjum og er bókbandsstofan nú búin öllum þeim tækjakosti sem til þarf til að sinna þörfum safnsins.

Þröstur Jónsson tók við bókbandsstofunni 1995 og breytti starfseminni töluvert, frá handverki í vélvædda vinnu að mestu leyti. Til ráðgjafar vegna umbótanna var fenginn John Dean, yfirmaður bókbands- og viðgerðarstofu bókasafna Cornell háskóla, og dvaldist hann hér á landi í um vikutíma vorið 1998. Hann skilaði skýrslu um dvöl sína og koma þar fram ný viðhorf um hlutverk bókbandsstofu og ýmsar tillögur um breyttan umbúnað rita.

Síðustu árin fyrir sameiningu safnanna í Þjóðarbókhlöðu voru viðgerðir á safngögnum litlar sem engar. Við flutning safnanna í ný og fullkomin húsakynni var ákveðið að gera á þessu bragarbót og vinna að stöðvun ótímabærrar eyðingar safngripanna. Viðgerðarstofa tók til starfa í Þjóðarbókhlöðu 1998. Stofan er búin nauðsynlegum tækjabúnaði og getur sinnt rannsóknum og forvörslu á pappírsskjölum og handritum jafnt sem viðgerðum á bókbandi. Þar sem viðgerðarþáttur forvörslunnar er afar tímafrekur hefur fyrirbyggjandi forvarsla fengið æ meira vægi hin síðari ár.

Upp úr síðustu aldamótum voru bókbandsstofa og forvarsla sameinaðar í eitt svið og hafist handa við endurskipulagningu starfseminnar í samráði við sviðsstjóra, forstöðumenn og fagstjóra. Verkferlar voru einfaldaðir og töluverðar umbætur gerðar á efnisnotkun og verklagi.

Bókband var einfaldað og rit bundin á hagkvæmari máta án þess að draga úr styrk bandsins. Hætt er að leysa upp bækur sem berast safninu en þær styrktar áður en þær fá nýtt band. Bókaspjöld eru nú heilklædd í stað þess að binda í kjöl og horn. Þá hefur gylling verið einfölduð og samræmd en þess þó gætt að

allar upplýsingar komi fram á kili. Reynt er í hvívetna að nota endingargóð og viðurkennd efni. Þá er ógetið nýjungar sem tekin var upp í kjölfar endurskipulagningarinnar en það er „stífung“ kiljubóka. Með „stífingu“ er ending bókana margfölduð með einfaldri aðgerð.

Í nýjum lögum um skylduskil til safna (nr. 20/2002) sem tóku gildi 1. janúar 2003 er í fyrsta sinn kveðið á um frágang efnis til skylduskila og meðferð skyldueintaka. Í 13. grein segir að skilaskyld verk skuli „afhenda í endanlegri gerð og á því formi sem þau birtast notendum. Með skilaskyldum verkum skal afhent það efni sem er framleitt til þess að fylgja þeim í dreifingu. Hér er m.a. um að ræða öskjur, kassa eða hylki, hlífðarkápur og aðrar umbúðir, bæklinga og viðlíka efni.“ Í 15. grein segir að varðveislusöfnunum beri „að tryggja öryggi og viðhald eintakanna með viðeigandi umbúnaði, aðhlyningu, geymsluskilyrðum og notkunarháttum. Þetta felur m.a. í sér að þau beiti viðurkenndum aðferðum við varðveislu gagna, eftir því sem við á í hverju tilviki, svo sem bókbandi, viðgerðum og yfirfærslu eða afritun á annan miðil, t.d. filmu eða stafrænt form.“

Í samræmi við skylduskilalögin hefur verið dregið verulega úr bandi á ritum fyrir þjóðdeild en þau lögð í öskjur með áherslu á að varðveita upprunalegt útlit prentgripanna.

Hin síðari ár hefur þörfin fyrir viðgerðir og forvörslu prentaðs efnis stóraukist og er þar bæði um að ræða lagfæringar á sýnilegum skemmdum og fyrirbyggjandi aðgerðir. Til að mæta aukinni þörf hafa bókbindarar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sótt námskeið bæði hér heima og erlendis og notið leiðsagnar starfsfólks forvörsludeildar sænska þjóðskjalasafnsins.

Við bókband og forvörslu starfa varðveislustjóri safnsins, yfirbókbindari, tveir bókbindarar og aðstoðarmaður bókbindara. Markmið forvörslu og bókbands er að vinna að því að tryggja





framtíðarvarðveislu safnkostsins á sem vandaðastan og hagkvæmastan hátt. Hlutverk bókbandsstofu er að annast bókband og annan frágang rita til notkunar og/eða varðveislu í safninu auk þess að sjá um viðhald og viðgerðir á prentuðum ritum.

*Rannver H. Hannesson tók saman*

### **Helstu heimildir:**

Áslaug Jónsdóttir: Vigdís Björnsdóttir fyrsti forvörður handrita. *Hugur og hönd*. Heimilisiðnaðarfélag Íslands. Reykjavík 2001

Jón Jacobson: *Landsbókasafn Íslands 1818-1918. Minningarrit*. Reykjavík 1919-20

Páll Eggert Ólason: Landsbókasafnið. Stutt yfirlit. *Landsbókasafn Íslands. Árbók 1944*. Reykjavík 1945.

Rannver H. Hannesson: Íslenskt handritaband. *Ritmennt. Ársrit Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns*. 6. Reykjavík 2001.

*Handband á Íslandi 1584-2004: Sýningarskrá*. Sumarsýning Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns 2004.



## **Bókbindarar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns 1908-2008**

Runólfur Guðjónsson, 1908-42

Ársæll Árnason, 1911-15

Bjarni Ívarsson, 1916-18

Guðjón Runólfsson, 1942-73

Skafti Guðjónsson, 1942-69

Þorsteinn Guðmundsson, 1945-51

Ástráður Hjartar Björnsson, 1968-80

Tryggvi Sveinbjörnsson, 1973-92

Birna Jónsdóttir, 1974-2000

Ólafur Ottósson, 1975-87

Elisabet Skúladóttir, 1987-88

Guðmundur Þórhallsson, 1988-89

Sigurþór Sigurðsson, 1989-92

Ragnar G. Einarsson, 1992-94

Guðlaug Friðriksdóttir, 1992-97 og 2000-04

Þröstur Jónsson, 1995-2000

Stefán Jón Sigurðsson, 2000-



Hjörleifur Á. Hjörtþórsson, 2002-

Hrefna Ársælsdóttir, 2007-

Kristín Bragadóttir:


## Merkilegir prentgripir í Landsbókasafni

Hér má sjá dæmi um titilblöð íslenskra bóka frá 16. og 17. öld. Þau bera einkenni tíðarandans og þess leturs sem notað var í prentsmiðjum á þessum tíma. Íslenskir prentarar lærðu iðn sína í Danmörku og Þýskalandi og sóttu áhrif sín þangað. Oft má sjá sama stíl í íslenskum og dönskum bókum sem prentaðar eru á sama árabili.



### Summaríurnar

*Summaria yfir þad Nýja testamentið* kom út seinni hluta ársins 1589 og *Summaria yfir þad Gamla testamentið* var prentuð í prentsmiðjunni á Núpufelli árið 1591. Summaríurnar eru einu bækurnar sem á sér bera prentstaðinn Núpufell. Af Summaríunum tveimur eru aðeins fáein eintök til og eru þær meðal verðmætustu bóka íslenskra. Prentari á Núpufelli var Jón Jónsson, sonur Jóns Matthíassonar fyrsta prentara á Íslandi, en hann kenndi syni sínum handverkið. Prentsmiðjan var á Núpufelli 1589-1593.



### Frá guðsorði til veraldlegra rita

Athygli vekur að í Skálholtsprentsmiðju var í fyrsta sinn á Íslandi horfið að nokkru leyti frá prentun guðsorðabóka til prentunar á veraldlegum ritum og þar voru prentuð íslensk fornrit. *Landnáma*, *Kristni saga*, *Íslendingabók* og *Ólafs saga Tryggvasonar*, allar prentaðar 1688, eru þekktustu ritin.



*Alþingisbókin*, eða tíðindi af Alþingi, var fyrst prentuð í Skálholti. Jón Snorrason og Marteinn Arnoddson voru prentarar Skálholtsstaðar. Prentsmiðjan var í Skálholti 1685–1703.

## Hádegisfyrirlestrar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í tilefni aldarafmælis bókbandsstofu safnsins

23. október Rannver H. Hannesson og Örn Hrafnkelsson:  
**Bundið og bætt. Viðgerðir á bókum og handritum  
í Landsbókasafni fyrir á öldum.**
30. október Bragi Þorgrímur Ólafsson:  
**Handritaarfurinn á stríðstímum.**
6. nóvember Kristín Bragadóttir:  
**Rósabekkir og bókahnútar í prentverkum  
fyrrri alda**
11. nóvember Rannver H. Hannesson og Stefán Jón Sigurðsson:  
**Starfsemi bókbandsstofu Landsbókasafns  
Íslands Háskólabókasafns í byrjun 21. aldar.  
Heimsókn á bókbandsstofu.**

Fyrirlestrarnir fara fram í fyrirlestrasal  
Þjóðarbókhöðu kl. 12:05-12:55.



**Þakkir fyrir veittan stuðning:**

Félag bókagerðarmanna

lðan fræðslusetur – prenttækni svið

Prentmet

